



11. mars 2021
Tilv: 2102236

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára áætlun um ýmis mál til hagsbóta fyrir neytendur árin 2022 - 2025, 151. Lög-gjafarþing, þingskjal 251 - 237. mál


Með tölvupósti dags. 25. febrúar 2021 óskaði allsherjar- og mennta-málanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreinda tillögu.


Í tillögunni er lagt til að ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra verði falið að vinna að neytendamálum í samræmi við tvö megin-markmið, þ.e. um upplýsingamiðlun til neytenda og um réttindi neytenda, sem tryggja eiga bættan hag neytenda á árunum 2022 - 2025.

Lagt er til m.a. að sett verði á fót samanburðarvefsíða á fjármálamarkaði þar sem „allar upplýsingar um fjármálaþjónustu“ eru veittar á skýran og aðgengilegan máta. Seðlabankinn bendir á að skv. 7. gr. tilskipunar 2014/92/ESB um samanburð gjalda, skipti á greiðslureikningum og aðgengi að almennum greiðslureikningum (Payment account directive), er aðildarríkjum EES samningsins gert skylt að tryggja að neytendur hafi aðgang að samanburðarvefsíðu þar sem a.m.k. sé hægt að bera saman þann kostnað og gjöld sem tilgreind eru í tilskipuninni. Heimild til frekari samanburðar er að finna í tilskipuninni. Þá er einkaaðilum heimilt að hafa umsjón með slíkri vefsíðu, en tryggja verður m.a. sjálfstæði þessara aðila, að greiðsluþjónustuveitendur fái jafna meðferð í leitarniðurstöðum og að framsetning sé skýr. Unnið er að innleiðingu tilskipunarinnar í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Þá kemur fram í greinargerð með þingsályktunartillögum að skoða þurfi skörun milli verkefna Neytendastofu og annarra eftirlitsaðila. Í tengslum við þessa umfjöllun vísar Seðlabankinn til umsagnar Fjármálaeftirlitsins til allsherjar- og menntamálanefndar, dags. 29. nóvember 2019, vegna frumvarps til breytinga á ýmsum lögum vegna samvinnu stjórnvalda á EES-svæðinu um neytendavernd á 150. löggjafarþingi (330. mál).

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Rannveig Jónúsdóttir
framkvæmdastjóri
skrifstofa bankastjóra


Páll Friðriksson
framkvæmdastjóri
markaðir og viðskiptahættir